

Kröfu sóknaraðilja um að yfirlýsing á dskj. nr. 4 verði sem skuldbindandi samningur lögð til grundvallar skiptum á búi hans og varnaraðilja er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 203/1986. **Bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Jóhönnu Felixdóttur

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarsétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Telja verður ósannað, að samkomulag hafi orðið milli aðila um tímabundna endurráðingu stefndu, og þykir áfrýjandi verða að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Um vaxtaákvæðið athugist, að eftir að lög um dómvexti nr. 56/1979 hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 25/1987, verður að skilja dómvaxtaákvæði héraðsdóms svo, að krafan beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum innlánsstofnana eins og þeir eru á hverjum tíma.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar, skal greiða stefndu, Jóhönnu Felixdóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Stefndu var sagt upp störfum 24. maí 1983 „vegna endurskipulagningar á rekstri íþróttahúss með tilkomu sundlaugar og íþróttavallar.“ Af gögnum málsins, þar á meðal framburði stefndu, er ljóst að henni var kunnugt um það að starfsmenn yrðu ekki ráðnir í hlutastörf þegar sundlaugin og íþróttavöllurinn yrðu tekin í notkun. Þegar stefnda var beðin að starfa áfram við íþróttahúsið haustið 1983 með sama hætti og áður hlaut henni því að vera ljóst að starf hennar í þágu áfrýjanda var til bráðabirgða og að því lyki er hin nýju íþróttamannvirki yrðu fullbúin, nema hún kysi að sækja um fullt starf, svo sem henni hafði verið gefinn kostur á, en það gerði hún ekki. Var eigi þörf á annarri uppsögn af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt þessu tel ég að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefndu, en að ákveða megi að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 30. desember 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember sl., hefur Jóhanna Felixdóttir, nnr. 5018-7500, Lindarbraut 7, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþingi Seltjarnarness með stefnu birtri 1. nóvember 1984, á hendur Sigurgeiri Sigurðssyni, Miðbraut 29, Seltjarnarnesi, bæjarstjóra f.h. bæjarsjóðs Seltjarnarneskaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 59.885,00 auk dómvaxta frá birtingu stefnu til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi starfaði í nokkur ár við ræstingar í íþróttahúsi Seltjarnarnes-kaupstaðar. Starfið var unnið á vöktum og var um að ræða hálf dagsstarf. Því var þannig háttað að einungis var unnið frá 1. september ár hvert til 1. júní næsta ár, en íþróttahúsið var eigi í notkun sumarmánuðina júní, júlí og ágúst.

Á vegum kaupstaðarins var í smíðum sundlaug og stóð til að taka hana í notkun haustið 1983.

Þann 24. maí 1983 var stefnanda sent uppsagnarbréf frá stefnda, sem er svohljóðandi:

„Vegna endurskipulagningar á rekstri íþróttahúss með tilkomu sundlaugar og íþróttavallar þykir rétt að hafa samninga starfsfólks lausa 1. september n.k.

Yður er því hér með sagt upp starfi yðar í íþróttahúsi Seltjarnarness miðað við þann tíma.

Svo sem fyrr segir er hér um að ræða uppsögn vegna skipulagsbreytinga þannig að yður stendur að sjálfsögðu endurráðning til boða.

Virðingarfyllst,
bæjarstjórinn Seltjarnarnesi“

Ekkert varð af opnun sundlaugarinnar þetta haust og kvaddi bæjarstjóri stefnanda á sinn fund um haustið og bað hana að hefja störf við íþróttahúsið eins og áður í hálf dagsvinnu. Það gerði stefnandi og vann hún til 1. júní 1984 er íþróttahúsinu var lokað.

Óumdeilt er í málinu að til 1. september 1983 var stefnandi fastráðin í starf hjá stefnda samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi sem sagt var upp með bréfi stefnda hinn 24. maí 1983. Aðila greinir hins vegar á hvort stefnandi hafi við endurráðningu haustið 1984 verið ráðin tímabundið eða ótímabundið. Stefnandi heldur því fram að ekki hafi verið samið um sérstakt ráðningartímabil við endurráðningu haustið 1983 og hafi hún því reiknað með að hefja aftur störf haustið 1984.

Stefndi heldur því hins vegar fram að stefnandi hafi verið ráðin tímabundið til vors 1984 og henni gert það ljóst, þar sem taka átti sundlaug bæjarins í notkun haustið 1984. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda haustið 1984.

Er líða tók að vori 1984 og ljóst þótti að sundlaug bæjarins yrði opnuð um haustið áttu sér stað viðræður milli stefnanda og aðila á vegum stefnda og hefur það komið fram hjá bæjarstjóra og framkvæmdastjóra íþróttamiðstöðvar bæjarins að stefnandi hafi staðið til boða starf að hausti, en

í heildagsstarfi. Það hafi stefnandi hins vegar ekki getað sætt sig við, en viljað starfa áfram í hálf dagsstarfi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að endurskipuleggja hafi þurft alla vinnutilhögun við opnun sundlaugar til að skapa hagkvæmni í rekstri, en eftir opnun sundlaugar voru öll íþróttamannvirki undir íþróttamiðstöð bæjarins, eðli starfanna breyttist í heilsársstörf og unnið væri (sic) í öllum íþróttamannvirkjum.

Stefnanda var ekki sagt upp störfum vorið 1984 eins og gert hafði verið árið áður. Stefnandi kveður það hafa verið ónaúðsynlegt þar sem ráðningarsamningi stefnanda hafi lokið vorið 1984 þar sem hann hafi verið tímabundinn.

Stefnandi kvaðst hafa rætt þessi mál við formann starfsmannafélags Seltjarnarneskaupstaðar, Einar Norðfjörð, tvívegis fyrir haustið 1984, en hann hafi ekki gefið nein svör.

Einar Norðfjörð kvað stefnanda hafa rætt við sig eftir að umsóknarfrestur um störf við íþróttamiðstöðina rann út en hann hafi engin ráð gefið stefnanda. Hann kvaðst hafa verið með mál stefnanda til athugunar, er lögmaður stefnanda kom á skrifstofu hans í október 1984, en eftir það hafi hann engin afskipti haft af málinu.

Magnús Georgsson, framkvæmdastjóri íþróttamiðstöðvarinnar, kvaðst síðast hafa rætt við stefnanda 31. maí 1984. Hann kvaðst hafa hvatt stefnanda til að sækja um starf við íþróttamiðstöðina og gert henni ljóst hvernig vinnutíma yrði háttað. Stefnandi hafi ekki tekið undir það og sett vinnutímann fyrir sig. Hann kvaðst þá hafa hvatt stefnanda til að ræða þessi mál við bæjarstjóra, en það hafi ekki verið gert. Hann kvaðst hafa gert stefnanda ljóst að hún yrði að sækja um starf ef hún ætlaði að hefja störf aftur haustið 1984.

Stefnandi kveðst hafa átt von á því að haft yrði samband við hana haustið 1984 eins og endranær, en það hafi ekki verið gert. Hún kvaðst ekki hafa mætt til vinnu haustið 1984.

Auglýst var eftir fólki í störf við íþróttamiðstöðina í ágúst 1984 og fólk ráðið í alhliða störf. Stefnandi var ekki meðal umsækjenda.

Þann 8. október 1984 sendi lögmaður stefnanda bæjarstjóranum á Seltjarnarnesi svohljóðandi bréf:

„F.h. Jóhönnu Felixdóttur, Magneu Guðjónsdóttur og Ingibjargar Halldórsdóttur, starfsstúlkna í íþróttahúsinu, tilkynnist nú, að þær líta svo á að í dag sé vinnusamningum við bæjarfélagið lokið vegna framkomu bæjar-yfirvalda sem umbjóðendur mínir skoða sem óformlega uppsögn.“

III.

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því að hún hafi verið í fastri vinnu og eigi rétt á uppsagnarfyrirvara samkvæmt lögum nr. 19, 1979 og skuli uppsögn vera skrifleg og miðast við mánaðamót og samkvæmt sömu lögum

eigi hún rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti. Stefnandi hafi unnið til réttinda sem samsvari 5 árum og 11 mánuðum, eins og fram komi á launaseðli hennar dagsettum 1.6. 1984. Stefnandi kveðst hafa fengið uppgert eins og venjulega hinn 1. júní 1984 og hafi staðið til að hún hæfi störf um haustið en þá hafi verið búið að ráða aðra í hennar stað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þann 8. október 1984 hafi vinnusamningi hennar við bæjarfélagið lokið vegna framkomu bæjaryfirvalda sem hún skoðaði sem óformlega uppsögn, en þennan dag var stefnda afhent bréf lögmanns stefnanda með yfirlýsingu um þetta.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo: „Krafist er launa í fimm mánuði, en fyrir hvern mánuð eru launin sundurliðuð svohljóðandi: Föst mánaðarlaun kr. 7.002,00, föst yfirvinna kr. 3.151,00, álag 1 kr. 525,00, álag 2 kr. 193,00, samanlagt kr. 10.871,00, auk þess bætist við 10,17% í orlof af allri unninni vinnu kr. 1.106,00 og gerir þetta þá kr. 11.977,00 og í fimm mánuði nemur þetta stefnufjárhæðinni kr. 59.885,00. Álag 1 er fyrir helgidagsvinnu og álag 2 er fyrir yfirvinnu.“

IV.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að haustið 1983 hafi bæjaryfirvöld ætlað að taka í notkun nýja sundlaug sem verið hafi í bygginginu við íþróttahús bæjarins. Af þeim sökum hafi verið nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi að því er varðar starfsfólk við íþróttamannvirkin, þar á meðal að því er varðar ræstingafólk, og hafi eingöngu heildagsfólk átt að starfa við ræstingar. Því hafi stefnanda verið tilkynnt um uppsögn á hennar hálf dagsstarfi vorið 1983. Tafir hafi hins vegar orðið á því að sundlaugin væri tekin í notkun og hafi stefnandi því verið ráðin til starfa í hlutastarf við íþróttahúsið haustið 1983 til maíloka 1984 og skýrt tekið fram að hér væri um tímabundið starf að ræða, því sundlaugin ætti að byrja haustið 1984 og þá eingöngu með heildagsfólki. Stefnanda hafi verið boðið heildagsstarf en það ekki þegið.

Stefndi telur að samkvæmt framanskráðu hafi uppsagnarákvæðum laga verið fylgt og að ráðning stefnanda síðasta starfstímabil verið tímabundin ráðning.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um 5 mánaða laun, þar sem lög geri ráð fyrir styttri uppsagnarfresti svo og útreikningi stefnukrafna.

V.

Álit réttarins:

Af því sem hér að framan er rakið verður að telja ósannað gegn mótmælum stefnanda að við endurráðningu hennar haustið 1983 hafi svo verið um samið að um tímabundna ráðningu til vors 1984 væri að ræða.

Verður því við það að miða að stefnandi hafi starfað samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi árið 1984.

Óumdeilt er í málinu að stefnanda var ekki sagt upp störfum vorið 1984, hvorki skriflega né munnlega. Samkvæmt þessu verður niðurstaða dómsins sú að stefnda beri að greiða stefnanda kaup í 3 mánuði miðað við 1. september 1984, en þá var ljóst að stefnandi gat eigi hafið störf hjá stefnda þar sem annað fólk hafði verið ráðið í hennar stað. Miða ber fjárhæðina við sundurliðun stefnanda, sem ekki hefur verið hnekkt efnislega. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.931,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000,00.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar, Seltjarnarnesi, greiði stefndanda, Jóhönnu Felixdóttur, Lindarbraut 7, Seltjarnarnesi kr. 35.931,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og kr. 24.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 106/1986. Miðvikudaginn 20. maí 1987.
Hálfván Ó. Guðmundsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co. sf.

Snorra Kristjánssyni

Kristjáni Snorrasyni

Júlíusi Snorrasyni

Birgi Snorrasyni og

Kjartani Snorrasyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.